

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Litla-Dímon, nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 12. desember 2023 tillögu að deiliskipulagi að Litlu-Dímon, L230219. Deiliskipulagið nær til 3,5 ha spildu sem gerir ráð fyrir uppbyggingu tjaldsvæðis og tengdrar þjónustu. Innan byggingarreits B1 er gert ráð fyrir allt að 200 m² aðstöðuhúsi með allt að 6,0 m mænishæð frá gólfplötu.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 12. mars 2024.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Þóra Björg Ragnarsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs.

B-deild – Útgáfudagur: 15. mars 2024